

Nd.

281. Nefndarálit

[136. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 3 1. febr. 1980, um tímabundið oliugjald til fiskiskipa.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur haft mjög lítinn tíma til þess að fjalla um þetta frumvarp.

Frv. var lagt fram síðla dags í gær og tekið til 1. umræðu seint í gærkvöld. Að kröfu okkar voru boðaðir á fund nefndarinnar oddamaður yfirnefndar Verðlagsráðs sjávarútvegsins, Jón Sigurðsson forstjóri Þjóðhagsstofnunar, og Ingólfur Ingólfsson fulltrúi sjómanna í Verðlagsráðinu, og svöruðu þeir allmörgum fyrirspurnum nefndarmanna.

Fulltrúi sjómanna sagði, að sjávarútvegsráðherra hefði ekkert samráð haft við sjómannasamtökin allan þann tíma sem stóð á því að fiskverð yrði ákveðið. Í máli hans kom fram, að krafa sjómannasamtakanna var, að fiskverð hækkaði um 6.67%, eins og uppbætur á laun frá 1. mars s.l. til almennra launþega í landinu. Þegar séð var að ekki reyndist unnt að ná fram þessari eðlilegu hækkun á fiskverði til sjómanna, tók fulltrúi þeirra þá afstöðu að sitja hjá við afgreiðslu á tillögu oddamanns yfirnefndar um 4% hækkun fiskverðs til þess að eiga ekki á hættu að afgreiðsla málsins drægist lengur en þegar var orðið. Hann var skiljanlega mjög óánægður með hve skammt var komið til móts við kröfur sjómanna frá hendi ríkisstjórnarinnar. Fulltrúi sjómanna tók jafnframt fram, að hann gerði ekki kröfu um lækkun oliugjalds umfram það sem gert var samkomulag um í janúarmánuði milli allra aðila, sem um fiskverð fjalla, og stjórnvalda, sem Alþingi lögfesti með samhljóða atkv. þingmanna 23. jan. s.l. Í þeim lögum er gert ráð fyrir að fiskkaupendur greiði útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki oliugjald er nemi 5% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Þessi lög tóku þegar gildi, og ákvæði þeirra skulu taka til fiskafla og hlutaskipta frá upphafi til loka ársins 1980, nema aðilar að kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna komi sér saman um önnur hlutaskipti. Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir að lækka oliugjald úr 5% í 2½%, og jafnframt eru í frv. þau furðulegu ákvæði að 2½% oliugjald skuli taka gildi frá 1. mars 1980 til loka ársins 1980, nema aðilar að kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna komi sér saman um önnur hlutaskipti. Með öðrum orðum á þetta frumvarp, ef að lögum verður, að ógilda ákvæði gildandi laga frá og með 1. mars, og er ólíklegt að slík ákvæði um afturvirkni fái staðist.

Við teljum að ekkert réttlæti það að svíkja þau fyrirheit, sem um var samið um oliugjald í byrjun þessa árs, nema samningar náist um slíkar breytingar. Oliuverð á gasolíu er kr. 155.25 á lítra, það sama og í desember s.l.

Með þessu frv. er verið að kippa grundvellingnum undan rekstri útgerðar, sem við teljum vítavert og verða til þess að stórauka vanda sem ríkisstjórnin kemur til með að standa frammi fyrir þegar ákvörðun þarf að taka um nýtt fiskverð fyrir 1. júní n.k.

Vandi fiskvinnslunnar er mikill og vanhugsaðar fullyrðingar m. a. forsætisráðherra um stöðu fiskvinnslunnar hafa tafið úrbætur í þessum efnunum. Með verðbólgu-aðgerðum ríkisstjórnarinnar stefnir hún til gengisfellingar, sem raunar er að nokkru hafin.

Við sjálfstæðismenn teljum nauðsynlegt að lækka kostnað við rekstur fiskvinnslu sem og annarra atvinnugreina og gera útflutningsatvinnuvegum okkar fært að standast samkeppni keppinauta okkar á erlendum mörkuðum.

Við teljum því óeðlilegt að gera, eins og nú standa sakir, breytingar á gildandi oliugjaldi og leggjum til að frv. verði fellt.

Alþingi, 1. apríl 1980.

Matthías Bjarnason,
frsm.

Pétur Sigurðsson.

Halldór Blöndal.